

EFTIRLITSSKÝRSLA

Sameinað Sílikon hf Reykjanesbær



Dags eftirlits	17.2.2017	Ábyrgðarmaður eftirlits	Einar Halldórsson
Fyrirtæki	Sameinað Sílikon hf	Eftirlitsmaður	Sigríður Kristjánsdóttir, Svava
Heimili	Stakksbraut 9	Tegund eftirlits	Fyrirvaralaust
Kennitala	6602141190	Flokkur	Kísilverksmiðja
Fulltrúi fyrirtækis	Þorvaldur Helgi Auðunsson	ÍSAT nr.	
Fulltrúi fyrirtækis	Kristleifur Andrésson, Þórður Magnússon	Staðsetning	

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Farið var í eftirlit vegna fjölda ábendinga sem stofnuninni hafði borist vegna lyktar- og reykmenunar. Tvö frávik eru skráð við eftirlit og ein athugasemd gerð.

UMFANG EFTIRLITS

Rætt var um lyktarmengun sem borist hafði frá rekstraraðila dagana 15. og 16. febrúar. Um kl 16:15 þann 15. febrúar hafði straumur verið tekinn af ofninum vegna viðhalds. Ofninn var svo keyrður aftur inn 3 tímum síðar en rekstraraðili telur ofnstoppið vera skýringuna á lyktarmenguninni. Lyktin sem berst er lýst sem súrri brunalykt sem getur valdið ertingu í augum og hálsi. Af þeim efnum sem eru mæld á loftgæðastöðvum hafa engin farið yfir heilsuverndarmörk. Í eftirlitinu var rætt um möguleikann á því að mæla efni sem myndast við ófullkomin bruna á timbri og eru talin valda lyktinni.

Rekstraraðili vinnur nú í því að minnka timbur sem þeir brenna en hluta af timburflís er hægt að skipta út fyrir minna magn af kolum til að fá þann kolefnisgjafa sem þarf til framleiðslunnar. Það sem þarf til framleiðslunnar og fer inn í ofninn eru flís, kol, viðarkol og kvarts. Rafskautinn eru einnig í ofninum en rekstraraðili telur lyktina einungis geta myndast af timburflísinni. Stöðugleiki ofnins er betri en er enn ábótavant og nokkuð hefur verið um viðhaldsstopp.

Þegar straumur er tekinn af ofninum minnka efnahvörf samstundis en fullt afsog heldur áfram á ofninum sem er svo trappað niður markvisst. Ástæða þess er að minnka þarf lofthraða eftir því sem loftið verður kaldara og þyngra til að mótórin fyrir vífturnar brenni ekki úr sér. Til að halda sama álagi við mismunandi lofthraða þarf því að breyta lofthraðanum.

Þann 15. febrúar barst sjáanlegur reykur frá ofnhúsi rekstraraðila. Skýring rekstraraðila er sú að of lítið hráefni hafi verið sett í ofn verksmiðjunnar um nóttina og til að bæta upp fyrir það var mikið af köldu hráefni sett í ofninn um morguninn. Við það hafi myndast reykur sem er langt umfram það magn sem afsogsbúnaður getur annað. Önnur skýring rekstraraðila er sú að rof er komið í þéttingar á rafskautum sem reykur sleppi svo út meðfram. Upp úr klukkan 10 og fram til 11:30 barst stöðugur reykur frá ofnhúsinu og af og til frameftir degi.

Fram kom í eftirlitinu að búið er að setja öflugri mótór við snigil sem sem færir ryk í safnsiló. Þannig hefur verið komið í veg fyrir að stíflur myndist í reykhreinsivirki sbr. frávik sem skráð var við eftirliti 4. janúar s.l.

Búið var að fjarlægja rafskautamassa (electrode paste) af lóð verksmiðjunnar en tiltekt á lóðinni stendur enn yfir. Nokkuð magn af timburúrgangi stendur enn á lóðinni en hefur minnkað frá seinasta eftirliti þann 1. febrúar s.l.

Meðan á eftirlitinu stóð var straumur tekinn af ofninum, eða kl. 10:14. Kælisjynjari hafði bilað og unnið var að viðgerð. Ofninn var ekki kominn í gang aftur þegar eftirismenn fóru af staðnum en 2 ábendingar um lykt bárust á meðan eftirliti stóð. Lítil lykt var við ofn eða á lóð verksmiðjunnar en fannst þegar komið var um 500 metra frá verksmiðjunni. Eftirlitsmenn fóru einnig í hesthúsahverfi við Mánagrund og í Heiðarhverfi en engin lykt fannst á þessum stöðum.

Frávik frá

grein 2.3 þar sem fram kemur að engar ryk uppsprettur megji vera án virkra mengunarvarna sem uppfylla kröfur um bestu fánalegu tækni.

Lýsing á frávikum

Reykhreinsivirki annaði ekki reyk sem myndaðist í ofni verksmiðjunnar.

grein 2.3 - Hönnun og frágangur

Hönnun og rekstur verksmiðjunnar skal miðast við að halda rykmengun og annarri mengun niðri. Ólykt telst til mengunar samkvæmt skilgreiningu á mengun, sbr. 5. mgr. 3. gr. laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir. Ráðstafanir við rekstur verksmiðjunnar nægja ekki til að koma í veg fyrir lykt .

ATHUGASEMDIR

Bæta þarf upplýsingaflæði innan verksmiðjunnar en ekki varð ljóst að lyktarmengun að kvöldi 15. febrúar hafi orðið vegna ofnstoppis fyrr en síðdegis daginn eftir. Halda þarf því betur utan um skrá á ofnstoppnum og gangsetningum. Stofnunin óskar eftir rafrænni skrá yfir ofnstopp og gangsetningar frá byrjun reksturs.

- 1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.
- 2 Athugasemd: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.

Reykjavík, 13.03.2017


Einar Halldórsson